

Spil 25

Woolsey: Partnership Defence.

NORÐUR

♠ G103

♥ 10985

♦ ÁK86

♣ G5

VESTUR

♠ K9842

♥ D62

♦ D7

♣ K83

AUSTUR

♠ 75

♥ 743

♦ G93

♣ Á9762

SUÐUR

♠ ÁD6

♥ ÁKG

♦ 10542

♣ D104

Norður gefur. AV á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	Pass	Pass	1 G *
Pass	2 ♣	Pass	2 ♦
Pass	2 G	Pass	Pass
Pass			

* 15-17

TALNING

Sagnhafi spilar þetta vel: Hann tekur fyrsta slaginn á ♠D heima, fer inn í borð á tígul og svínar ♥G. Vestur er inni og má nú ekki freistast til að spila smáum spaða í þeirri von að Suður hafi byrjað með ♠ÁD tvíspil.

Woolsey: Austur gefur TALNINGU í fyrsta slag. Þegar Vestur kemst inn á ♥D á hann að spila ♣8 — ekki tvístinum — til að tryggja það að makker snúi sér aftur að spaðanum.

GPA: Hvenær víkur kall/frávísun fyrir talningu í svona stöðum? Mín regla (gegn grand) er sú að talning taki við þegar *gosi eða lægra spil tekur slaginn í borði*, en hins vegar er kallað/vísað frá ef blindur á slag á Dx(x) eða herra spil.

Spil 26

Woolsey: Partnership Defence.

NORÐUR

♠ D5
♥ G94
♦ KDG1076
♣ ÁG

VESTUR

♠ K962
♥ K87
♦ Á9
♣ K743

AUSTUR

♠ 10874
♥ ÁD52
♦ 43
♣ 1086

SUÐUR

♠ ÁG3
♥ 1063
♦ 852
♣ D952

Vestur gefur. Allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♣	2 ♦ *	Pass	2 G
Pass	3 G	Pass	Pass
Pas			

* millisterkt

KALL/FRÁVÍSUN OG HLIÐARKALL

Þetta er frekjugeim, en vinnst þó ef vörnin er ekki á tánum. Út kemur smár spaði og drottning blinds á slaginn. Þegar Vestur kemst inn á ♦ Á þarf hann að skipta yfir í hjarta, en hvaða rök eru fyrir því?

Woolsey: Til að byrja með ætti Austur að vísa spaðanum frá í fyrsta slag, enda á hann hvorki gosann né vill spaða áfram. Þegar sagnhafi spilar svo hátígli ætti austur að láta fjarkann fyrst, hærra spilið. Talning hefur hér enga þýðingu, því það er innkoma til hliðar við tígulinn, svo þetta er hliðarkall. Vestur dúkkar fyrsta tígulinn, tekur þann næsta, leggur svo niður ♥K til að fyrirbyggja misskilning. (Austur gæti mistúlkað ♥7 sem “topp af engu” og skipt yfir í spaða.)

Spil 27

Woolsey: Partnership Defence.

NORÐUR

♠ D95
♥ DG104
♦ KDG5
♣ ÁK

VESTUR

♠ ÁG63
♥ K6
♦ 1084
♣ DG107

AUSTUR

♠ K8
♥ 853
♦ 973
♣ 96543

SUÐUR

♠ 10742
♥ Á972
♦ Á62
♣ 82

Norður gefur. AV á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	1 ♦	Pass	1 ♥
Pass	3 ♥	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

HLIÐARKALL

Útspil Vesturs er ♣D. Sagnhafi svínar í trompinu og þegar Vestur kemst inn á ♥K þarf hann að spila undan ♠Á og gefa makker stungu.

Woolsey: Skv. Woolsey gildir kall/frávísun í fyrsta slag. Sem sagt, Austur ætti þá að vísa laufinu frá og Vestur að skilja það sem beiðni um “rökleg umskipti” — spaða.

GPA: Þetta er ekki hinn almenni stíll íslenskra spilara. Flestir nota þá reglu að hliðarkall taki við þegar áframhaldandi sókn í útspilslitnum er fráleit frá sjónarhóli beggja spilara — sem er þá einspil í borði eða því um líkt. Sem sagt, ekkert í litnum að hafa. Hér væri því fyrsta lauffylgja nían, sem væri spaðakall og hjartaáttan gæti verið frekari staðfesting.

Spil 28

Óljós uppruni.

NORÐUR

♠ Á73

♥ DG3

♦ K109

♣ ÁD54

VESTUR

♠ 92

♥ ÁK75

♦ 53

♣ 109876

AUSTUR

♠ 8

♥ 10842

♦ 8762

♣ KG32

SUÐUR

♠ KDG10654

♥ 96

♦ ÁDG4

♣ --

Norður gefur. AV á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	1 G	Pass	6 ♠
Pass	Pass	Pass	

TALNING

Vestur spilar út háhjarta (hann velur sjálfur ás eða kóng). Augljóslega þarf hann að taka báða hjartaslagina, en til þess þarf hann upplýsingar um lengd makkers í hjarta.

GPA: Sú regla er góð að kóngur út gegn samningum á 5. þrepi eða ofar biðji um talningu. Það er eina örugga leiðin til að leysa þetta spil.

Spil 29

Gamalt Íslandsmót í tvímenningi.

NORÐUR

♠ ÁK8

♥ D75

♦ 109

♣ 109832

VESTUR

♠ 104

♥ G1086

♦ 7653

♣ Á54

AUSTUR

♠ 9632

♥ 943

♦ ÁDG8

♣ DG

SUÐUR

♠ DG75

♥ ÁK2

♦ K42

♣ K76

Suður gefur. Allir á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 G *
Pass	3 G	Pass	Pass
Pass			

* 15-17

HLIÐARKALL

Út kemur ♥G. Sagnhafi tekur slaginn í borði með drottningu og spilar ♣10 á gosa, kóng og ... væntanlega ás. Ef Vestur skiptir ekki strax yfir í tígul vinnst spilið.

GPA: Það eru auðvelt að teikna upp hendur þar sem nauðsynlegt er að spila spaða (til dæmis ef Austur á ♠DGxx og ♦Á). Hér þarf því hjálp frá Austri. Og eina tækifærið er í fyrsta slag.

Grunnreglan í fyrsta slag er þessi: Ef kall/frávísun kemur yfirhöfuð til greina hefur sú regla forgang (nema í skilgreindum undantekningum). En eftir ♥D er ljóst að Austur hjálpar ekkert í litnum og því ætti hliðarkall að taka við — hjartaþristurinn í fyrsta slag er ávísun á tígul. (Þetta er ekki sama staðan og drottning út og Kxx í borði - þá skiptir tían máli.)

Spil 30

Gamalt Íslandsmót.

NORÐUR

♠ 98753

♥ D5

♦ 7

♣ KG732

VESTUR

♠ 102

♥ 976

♦ ÁG96542

♣ Á

AUSTUR

♠ DG6

♥ 84

♦ KD3

♣ 108654

SUÐUR

♠ ÁK4

♥ ÁKG1032

♦ 108

♣ D9

Vestur gefur. Enginn á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Pass	Pass	Pass	1 ♥
2 ♦	Dobl *	3 ♦	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

HLIÐARKALL

Útspil: ♣Á. Síðan þarf að spila smáum tígli undan ás og fá laufstungu til baka. Og spila loks tígli til að stytta blindan og eyðileggja ♣KG sem niðurköst.

GPA: Stóra spurningin er sú að hvaða merkingu eigi að leggja í lauf Austurs í fyrsta slag — er það kall/frávísun eða hliðarkall?

Kall/frávísun gildir í fyrsta slag nema það sé augljóst frá sjónarhóli beggja spilara að reglan þjóni engum tilgangi. Eins og þegar ein spil er í borði, Kx, KD eða því um líkt. Í mörgum stöðum, þegar ás er spilað út og KGx(xx) birtist í borði, kemur til greina að spila litnum áfram til að sækja slag á drottninguna. En hér er nokkuð ljóst frá sjónarhóli beggja spilara hver tilgangurinn með útspilinu. Eða hvað?

Spil 31

Power Defensive Carding.

NORÐUR

♠ K1065

♥ G1082

♦ Á7

♣ D32

VESTUR

♠ D982

♥ K4

♦ 102

♣ ÁG1074

AUSTUR

♠ 743

♥ 953

♦ 98543

♣ K5

SUÐUR

♠ ÁG

♥ ÁD76

♦ KDG6

♣ 986

Austur gefur. Enginn á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	Pass	1 G
Pass	2 ♣	Pass	2 ♥
Pass	4 ♥	Pass	Pass
Pass			

KALL / FRÁVÍSUN OG HLIÐARKALL Í TROMPI

Útspilið er ♦10, sem sagnhafi tekur með ás og svínar strax í trompi. Þegar Vestur lendir inni á ♥K þarf hann að skipta yfir í lítið lauf, eða laufgosa.

GPA: Í fyrsta slag er tíglinum vísað frá með níunni, en síðan er eina leiðin til að benda á lafið sú að fylgja lit í trompinu með hjartaþristi.

Þetta er reyndar algengasta staðan þar sem trompliturinn er notaður til að kalla til hliðar — þegar sagnhafi ætlar augljóslega að svína fyrir kóng eða drottningu í ÖÐRUM slag.

Spil 32

Evrópumót 1995.

NORÐUR

♠ K832

♥ KG10742

♦ 7

♣ 83

VESTUR

♠ 10765

♥ Á

♦ Á653

♣ 7652

AUSTUR

♠ ÁG

♥ 9865

♦ K1042

♣ D104

SUÐUR

♠ D94

♥ D3

♦ DG98

♣ ÁKG9

Norður gefur. Enginn á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	Pass	Pass	1 G
Pass	2 ♦ *	Pass	2 ♥
Pass	4 ♥	Pass	Pass
Pass			

* yfirfærsla

HLIÐARKALL

Útspil: ♠6.

Svíarnir Per-Olof Sundelin og Sylvan voru í AV gegn Frökkunum Chemla og Perron. PEO kom út spaðasexu, lítið úr borði, gosi og drottning. Chemla trompaði út og PEO átti slaginn — og spilaði spaðaTÍU til að benda á tígulinnkomuna. Sylvan drap með ás, spilaði tígli og fékk spaðastungu. Einn niður.